



Ytra mat - Umbótaáætlun leikskólans Álfaborgar 2014-2015

Matspáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgðarmaður	Endurmat
Leikskólinn sjálfur og umhverfi hans	<ul style="list-style-type: none">• Bæta hljóðvist á eldri deild• Ljúka endurbótum á útileiksvæði	<ul style="list-style-type: none">• Á nýrri fjárhagsáætlun leikskólans hefur verið gert ráð fyrir fjármunum til að bæta hljóðvist eldri deildar. Byggingarfræðingur sveitafélagsins hefur einnig verið kunngjört um það verkefni og hafðu með í ráðum• Útbúið hefur verið sérstakt verkefni þar sem samfélag leikskólans vinnur að endurbótum á útileiksvæði. Foreldrar, starfsfólk og börn meta möguleika svæðisins eftir hverja árstíð og eiga síðan vinnudag á vorönn þar sem unnið verður úr þeim tillögum sem hafa hlotið bestu niðurstöðu	Skólastjóri	Haust 2015

Matspáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgðarmaður	Endurmat
Skólanámskrá	<ul style="list-style-type: none"> • Gera ætti ritmál sýnilegra á deild yngri barna • Æskilegt væri að auka sjálfbærni með því að taka upp flokkun á úrgangi og pappír 	<ul style="list-style-type: none"> • Deildarstjóri yngri deildar hefur unnið í því að gera ritmál sýnilegra í samræmi við talmeinafræðing sem starfar við leikskólann. • Flokkun á pappír hefur lengi verið í leikskólanum. Bæta mætti merkingar á þeim stöðum sem pappír er settur og hefur veirð farið í það. Lífrænn úrgangur hefur verið í lengri tíma verðið settur til hliðar og gefinn hænum starfsmanns við leikskólann. 	Skólastjóri	Haust 2015

Matspáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgðarmaður	Endurmat
Stjórnun og starfsmannamál	<ul style="list-style-type: none"> • Gera ætti skriflegt samkomulag um afleysingu deildarstjóra í fjarveru leikskólastjóra • Gera þarf skipurit sem endurspeglar stjórnskipulag leikskólans • Gera formlegar starfslýsingar fyrir stjórnendur og starfsmenn leikskólans • Gera skriflega verkferla um ákarðanatöku 	<ul style="list-style-type: none"> • Nú þegar hefur verið bætt úr þeirri athugasemd og gerður skriflegur samningur við deildarstjóra vegna afleysingu leikskólastjóra. Einnig hefur skipurit stjórnskipulags leikskólans verið kynnt betur og gert sýnilegra. Þar má einnig finna verkferla um ákvörðunartöku • Starfslýsingar starfsfólks hafa við upphaf hvers skólaárs verið kunngjörðar starfsmönnum og þeir hafa skrifað undir sína starfslýsingu. 	Skólastjóri	Haust 2015

Matspáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgðarmaður	Endurmat
Uppeldi, menntun og umönnun	<ul style="list-style-type: none"> Huga mætti að því að sækja um styrk til þróunarverkefna sem unnið er að í leikskólanum Meta ætti þörf fyrir endurnýjun á efnivið fyrir börnin í leikskólanum 	<ul style="list-style-type: none"> Hugmyndir hafa kviknað um þróunarverkefni og hafa fagfundir verið haldnir til að skapa umræður um hvert verkefnið ætti að vera. Gert er ráð fyrir auknu fé til að ráðstafana vegna efniviðar og námsgagna barnanna. 	Skólastjóri	Haust 2015

Matspáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgðarmaður	Endurmat
Skólabragur og samskipti	<ul style="list-style-type: none"> • Skoða mætti hvort æskilegt sé að gera skriflega starfsmannastefnu • Gera ætti starfsáætlun í jafnréttismálum í samræmi við jafnréttisstefnu Bláskógabyggðar 	<ul style="list-style-type: none"> • Starfsmannastefna er nokkuð skýr í handbók nýrra starfsmanna. Skoðað verður hvort hægt sé að bæta hana á vorönn 2015 • Jafnréttisáætlun hefur verið unnin 	Skólastjóri	Haust 2015

Matspáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgðarmaður	Endurmat
Foreldrasamvinna og ytri tengsl	<ul style="list-style-type: none"> • Æskilegt væri að skoða með foreldrum hvort þörf sé á að færa fram opnunartíma leikskólans og endurskoða vistunarreglur 	<ul style="list-style-type: none"> • Á hverju vori eru gerðar foreldrakannanir þar sem er meðal annars spurt um opnunartíma. Í síðustu könnun kom fram að ánægja væri á meðal foreldra um núverandi fyrirkomulag 	Skólastjóri	Haust 2015

Matspáttur	Helstu niðurstöður	Áætlanir um endurbætur	Ábyrgðarmaður	Endurmat
Sérfræðipjónusta og sérkennsla	<ul style="list-style-type: none"> Gera ætti stefnu í sérkennslumálum fyrir leikskólann Æskilegt er að gera verkferla varðandi stuðning og sérkennslu, þegar grunur vaknar um frávík og þegar stuðningur hefur verið veittur 	<ul style="list-style-type: none"> Leikskólastjóri, talmeinafræðingur og deildarstjórar hafa komið á mánaðarlegum fundum þar sem farið er yfir þau börn sem þurfa aukinn stuðning. Í því samstarfi er markmiðið að mynda stefnu í sérkennslumálum og gera hana skriflega á vorönn 2015. Verkferlar varðandi stuðning og sérkennslu eru unnir í nánu samstarfi við Skólabjónustu Árnesþings og við þá sérfræðinga sem þar starfa. 	Skólastjóri	Haust 2015